

## Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða eignarráð og nýtingu fasteigna. 715. mál

Mjög gagnlegt verður að fá lög sem tryggja gagnsæi um eignarhald á landi eins og kveðið er á um í þessu frumvarpi.

Hins vegar verður ekki séð að í frumvarpinu séu reistar afgerandi skorður við samþjöppun á eignarhaldi á landi, með bindandi ákvæðum þar að lútandi, eins og kallað hefur verið eftir.

Í fyrsta lagi gagnrýni ég að horfið skuli hafa verið frá þeirri nálgun sem uppi var á árinu 2013 í reglugerð sem undirritaður setti og samsvarandi lagafrumvarpi sem undirritaður lagði fyrir Alþingi á sama tíma af hálfu þáverandi ríkisstjórnar. Þar voru á grundvelli EES réttar reistar skorður við aðkomu að eignarhaldi á landi annarra en þeirra sem eru íslenskir ríkisborgarar eða eiga lögheimili á Íslandi.

Í öðru lagi gagnrýni ég þau stærðarmörk sem frumvarpsdrögin gera ráð fyrir varðandi leyfisskyldu til kaupa á landi. Hin almenna regla ætti að vera að leyfisskylda hvíli á allri jarðasölu umfram litla spildu undir orlofshús.

Í frumvarpinu þarf að vera afdráttarlaust ákvæði sem banni einstaklingi eða lögaðila og tengdum aðilum, að eignast meira en tiltekna stærð af landi og mætti hugsa sér að styðjast við sem nemur tvöfaldri eða jafnvel þrefaldri stærð á meðal lögbýli. Því aðeins væru hámarks stærðarmörk þó heimil að viðkomandi eigandi hefði þar búsetu.

Varðandi samráðsskyldu um þá þætti sem vísað er til í frumvarpstextanum er ekki nægilegt að mínu mati að leita til sveitarfélaga um samráð. Eðlilegt væri að náttúruverndarsamtökum á borð við Landvernd væri einnig tryggð aðkoma að slíku samráði í lögum.

Í lögnum þarf að horfa til hlunninda á borð við vatns- og virkjanarétt, hafnargerð, veiða innan netlaga á sjávarjörðum og ber þá að hafa í huga að Ísland hefur undanþágu í EES samningnum hvað varðar fiskveiðar og fiskvinnslu og einnig hvað landbúnaðinn áhrærir en til þess þarf að horfa þegar EES borgarar eiga í hlut.

Allt þetta kallar á aukna árvekni af hálfu löggjafans. Ekki nægir að vísa til þátta á borð við þessa í almennum lagatexta eins og gert er í frumvarpsdrögunum, heldur þarf einnig að takmarka með afgerandi og bindandi hætti möguleika spákaupmanna að braska með land og hlunnindi sem því fylgja.

Augljóst er að land og landnýting er að breytast, meðal annars vegna fyrirsjáanlegra viðskipta með "hreina orku." Vatnsveitur til iðnaðar- og almannanota svo og orkusala á að vera á forræði og á vegum samfélagsins og þarf öll lagasetning sem snýr að þeim þáttum að vera afdráttarlaus. Svo er ekki í þessu frumvarpi.

Þegar horft er til röksemdafærslu auðmanna til réttlættingar stórfelldum landakaupum sínum, iðulega með tilvísan í meint áform til verndar landi, byggðum, gróðri og dýralífi, verður ekki séð annað en þeir kæmst auðveldlega í gegnum ákvæði þessa frumvarps með áframhaldandi uppkaupt á landi.

Þúsundir landsmanna hafa beint því til Alþingis að stöðva slík landakaup.

Undir þá kröfu tek ég.

**Ögmundur Jónasson**